

Mannréttinda- og lýðræðisráð

Ár 2018, fimmtudaginn 25. október var haldinn 6. fundur mannréttinda- og lýðræðisráðs. Fundurinn var haldinn í ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl.14.00. Fundinn sátu Dóra Björt Guðjónsdóttir, Ásgerður Jóna Flosadóttir, Skúli Helgason, Guðrún Ögmundsdóttir, Gunnlaugur Bragi Björnsson og Örn Þórðarson. Einnig sátu fundinn Halldóra Gunnarsdóttir, Óskar J. Sandholt og Elísabet Pétursdóttir, sem var fundarritari.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram drög að aðgerðaráætlun í mannréttinda- og lýðræðismálum 2019-2022
 - Kl. 15.00 tekur Ásta Dís Guðjónsdóttir sæti á fundinum.
2. Fram fer kynning á verkefninu Saman gegn ofbeldi.
3. Lögð fram skýrsla um lýðræðisverkefni Reykjavíkurborgar: Greining og tillögur um framtíðarskipan stafrænna samráðs- og lýðræðisverkefna Reykjavíkurborgar
Frestað.
4. Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 13. september sl. um að minnka eða útrýma þeim mismun sem myndast hefur á milli barna innflytjenda og annarra barna hvað varðar námsárangur og þátttöku í íþróttum og tómstundum R18090193.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins draga tillöguna til baka þar sem sambærileg tillaga var lögð fyrir í borgarstjórn og samþykkt þar.
5. Lögð fram tillaga áheyrnarfulltrúa flokk fólksins um auknar fjárheimildir skrifstofu borgarstjórnar til að halda úti skrá yfir fyrirspurnir og tillögur R18090188
Frestað.

Helga Björk Laxdal tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
6. Lagðar fram greinargerðir vegna styrkveitinga mannréttinda- og lýðræðisráðs 2017 og 2018:
 - a)Trans barnið
 - b)Tabú
 - c)Heimur Luca
 - d)Hraðar hendur
7. Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu:

Fulltrúi Flokks fólksins í mannréttinda og lýðræðisráði leggur til að Reykjavíkurborg vinni markvisst að því að tekinn verði upp skólafatnaður í samvinnu við verkalýðsfélögin og eða lífeyrissjóði.

Greinargerð fylgir tillögunni R18100352.
Frestað.
8. Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn frá fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Óskað er eftir kynningu á verkefni á vegum stjórnkerfis- og lýðræðisráðs varðandi aðgerðir til að auka kosningaþátttöku ungs fólks og innflytjenda sem kynnt var í aðdraganda síðustu borgarstjórnarkosninga.

Fundi slitið kl. 16.41

Dóra Björt Guðjónsdóttir

Ásgerður Jóna Flosadóttir
Örn Þórðarson
Skúli Helgason

Gunnlaugur Bragi Björnsson
Guðrún Ögmundsdóttir
Ásta Dís Guðjónsdóttir